



Náttúru  
verndar  
stofnun

Gullfosskaffi ehf

Garðabær, 25. júní 2025

202505-0085/S.V.

10.03.01

### Efni: Leyfi til framkvæmda - Gullfoss

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Svavars Njarðarson f.h. Gullfosskaffis, dagsetta 19. maí 2025, um leyfi til að grafa skurð innan friðlýsingarmarka Gullfoss.

Gullfoss er friðlýstur sem friðland sbr. [auglýsing nr. 141/1979](#). Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar.

### Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að grafa skurð með traktorsgröfu eftir gömlum vegslóða fyrir neðan Gullfosskaffi. Kort fylgdi með umsókninni sem sýnir áætlaðan skurð. Tilgangur með framkvæmdinni er að leiða yfirborðsvatn frá Gullfosssvæði niður í Hvítárgil. Gert er ráð fyrir 1-2 dögum fyrir verkið og að 2-3 starfsmenn komi að verkinu. Áætlað var að hefja verkefnið í byrjun júní sem gat ekki gengið eftir, þar sem afla þurfti frekari gagna til að afgreiða leyfið en gert ráð fyrir að farið verði í það fljótlega að fengnu leyfi. Gengið verður frá framkvæmdasvæði sem best í lokin og ummerkjum eytt. Eingöngu er um er að ræða regnvatn frá rennum á húsi.

### Áhrifamat:

Að mati Náttúruverndarstofnunar og að höfðu samráði við starfsmann í vatnateymi Umhverfis- og Orkustofnunar, er framkvæmdin talin hafa óveruleg áhrif á verndarsvæðið, þar sem grafið verður í vegslóða og einungis verið að leiða regnvatn. Lágmarka skal allt rask eins og kostur er og vanda allan frágang, þannig að ummerki eftir framkvæmd verði sem minnst.

### Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Gullfosskaffi fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum innan friðlandsins Gullfoss sbr. lýsingu hér að ofan í 1-2 daga sumarið 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**

- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað þar sem tilgreindur er framkvæmdartími og bent á hjáleir ef við á.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800. Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt/afmáð.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

#### ***Leyfisgjald:***

Náttúruverndarstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **83.200.** sbr. 7. gr. b. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

#### ***Eftirlit:***

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af svæðissérfræðingi Náttúruverndarstofnunar á svæðinu.



Náttúru  
verndar  
stofnun

Hákon Ásgeirsson

***sviðstjóri***

Daníel Freyr Sigurbjargarson

***svæðissérfræðingur***